

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 26. október 2015 kl. 14:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi ráðuneytisins á 4. hæð, Sölvhólgötu 7, Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðný Sverrisdóttir formaður, Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Bjarni Jónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Elínu Gunnarsdóttur, Elínu Pálsdóttur og Guðna Geir Einarssyni.

Guðný Sverrisdóttir formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ FRÁ 23. SEPTEMBER 2015

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 23. september sl. sem var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2016

Á fundi ráðgjafarnefndar 11. september sl. voru lögð fram til kynningar fyrstu drög að greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2016 er byggðu á frumvarpi til fjárlaga 2016. Á þeim fundi var fjallað um sérstakar tekjur sjóðsins af bankaskatti. Nú hefur verið staðfest að inni í áætluninni um 2,12% framlagið frá ríki, sbr. frumvarp til fjárlaga 2016, séu áætlaðar tekjur sjóðsins af bankaskattinum meðtaldar. Því voru ekki lagðar til breytingar á áætluninni að sinni hvað lögbundin framlög frá ríki varðar en áætlað er að þau nemi samtals um 16.373 m.kr. Stefnt er að því að önnur umræða fjárlaga ársins 2016 fari fram 26. nóvember nk. og í kjölfarið munu lögbundin framlög frá ríki í Jöfnunarsjóð verða tekin til endurskoðunar ásamt þeim framlögum sjóðsins til sveitarfélaga er á þeim byggja.

Hvað áætlaðar tekjur sjóðsins af hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars varðar þá kom fram á fundinum að Samband íslenskra sveitarfélaga gerði ráð fyrir 8,9% hækkun stofnsins á milli ára. Í ljósi áætlaðra staðgreiðsluskila á árinu 2015 samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að farin yrði millileið til að byrja með hvað áætlun um hækkun stofnsins varðar og gert ráð fyrir 4,5% hækkun hans við útreikning framlaga vegna yfirfærslu grunnskólans og yfirfærslu málefna fatlaðs fólks. Með tilvísun til þessa hækkar áætlað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til greiðslu framlaga vegna yfirfærslu grunnskólans úr 9.017 ma.kr. í 9.425 ma.kr. eða um 408 m.kr. Hvað yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks varðar nemur hækkunin um 528 m.kr. Fer úr 11.590 m.kr. í 12.118 m.kr.

FRAMLAG VEGNA SAMEININGAR SVEITARFÉLAGA

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2016

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu áætlun um úthlutun framlaga vegna sameininga sveitarfélaga á árinu 2016 á grundvelli reglna nr. 295/2003 um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Einungis er um að ræða greiðslur framlaga vegna tveggja sameininga:

Annars vegar er um að ræða lokagreiðslu framlags að fjárhæð 1,8 m.kr. vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu í Húnaþingi vestra, sameinuðu sveitarfélagi Húnaþings vestra og Bæjarhrepps en sveitarfélögin sameinuðust á árinu 2012.

Hins vegar er um að ræða áætlað framlag að fjárhæð 117,4 m.kr. vegna skerðingar á jöfnunarframlögum í kjölfar sameiningar Garðabæjar og Sveitarfélagsins Álftaness á árinu 2013. Um næstsíðustu greiðslu framlagsins er að ræða.

Á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir viðbótarfjármagni í tengslum við hugsanlegar kannanir á árinu vegna hagkvæmni sameininga sveitarfélaga.

Borgarbyggð

Inneign stofnframlags vegna framkvæmda við grunnskóla

Þann 10. júní árið 2006 sameinuðust sveitarfélögin Borgarbyggð, Borgarfjarðarsveit, Hvítársíðuhreppur og Kolbeinsstaðahreppur. Á grundvelli reglna, nr. 295/2003, um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga var heimild til staðar hjá sjóðnum til að greiða framlög vegna stofnframkvæmda við grunn- og leikskóla í nýju sveitarfélagi út árið 2010. Þar sem Borgarbyggð hafði ekki á þeim tíma möguleika á að ljúka ráðgerðum grunnskólaframkvæmdum í tengslum við sameiningu sveitarfélaganna samþykkti þáverandi ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að bóka eftirstöðvar af samþykktri kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs í grunnskólaframkvæmdunum sem inneign sveitarfélagsins hjá Jöfnunarsjóði. Um var að ræða eftirstöðvar að fjárhæð 25,7 m.kr.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Borgarbyggðar, dags. 13. október 2015, þar sem fram kemur að vinna sé nú hafin við breytingar á skólaskipan í sveitarfélaginu til að hagræða og nýta betur skólahúsnæði á vegum sveitarfélagsins. Um er að ræða skólahúsnæðið á Hvanneyri og á Varmalandi þar sem ætlunin er að sameina tvær starfsstöðvar skólans. Áætlaður kostnaður þeirra framkvæmda nemur allt að 26,5 m.kr. og er gert ráð fyrir að framkvæmdum ljúki um næstu áramót. Í erindinu er þess farið á leit við sjóðinn að sveitarfélaginu verði heimilað að innleysa hluta inneignar sinnar hjá sjóðnum til að standa straum af þeim framkvæmdakostnaði sem fellur til við ofangreindar breytingar á skólahaldi í sveitarfélaginu.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framangreind beiðni Borgarbyggðar væri tekin til greina. Miðað við 50% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs mun framlag að fjárhæð allt að 13,3 m.kr. koma til greiðslu eftir framgangi verksins.

Ráðgjafarnefndin samþykkti jafnframt að leggja til að Borgarbyggð verði veittur viðbótarfrestur til ársloka 2017 til að nýta eftirstöðvar af samþykktri kostnaðarþátttöku sjóðsins að fjárhæð allt að 12,4 m.kr. til frekari framkvæmda við grunnskóla í sveitarfélaginu. Að þeim tíma liðnum yrði fjárhæðin afskrifuð án frekari framlengingar.

FRAMLÖG VEGNA ALMENNRA HÚSALEIGUBÓTA

Greint var frá virkni Smalans sem er rafrænt umsóknar- og upplýsingakerfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna almennra og sérstakra húsaleigubóta.

Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur 2016

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um greiðslur almennra húsaleigubóta á árinu 2016. Sveitarfélögin áætla að heildargreiðslur þeirra á almennum húsaleigubótum nemi um 4.740,5 m.kr. á árinu. Um er að ræða áætlun um 241,8 m.kr. lækkun á greiðslum bótanna á milli ára. Hins vegar er áætlað að bótaþegum fjölgi um 823 og verði 18.179 á árinu 2016.

Ráðstöfunarfjármagn og tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli

Að teknu tilliti til áætlana sveitarfélaga um heildargreiðslur á almennum húsaleigubótum á árinu 2016 að fjárhæð 4.740,5 m.kr. og áætlunar um ráðstöfunarfjármagn Jöfnunarsjóðs á árinu að fjárhæð 3.265,5 m.kr. samþykkti nefndin að leggja til að áætlað greiðsluhlutfall Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna greiðslu sveitarfélaga á almennum húsaleigubótum nemi um 66% á árinu 2016.

FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRA HÚSALEIGUBÓTA **Áætlanir sveitarfélaga um greiðslur 2016**

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlanir sveitarfélaga um greiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu 2016. Sveitarfélögin áætla að heildargreiðslur þeirra á sérstökum húsaleigubótum á árinu nemi um 1.447,8 m.kr. Um er að ræða 9,3 m.kr. hækkun á greiðslum bótanna á milli ára. Áætlað er að fjöldi bótaþega verði svipaður og á árinu 2015 eða rúmlega 5.600.

Ráðstöfunarfjármagn og tillaga að áætluðu greiðsluhlutfalli

Á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um húsaleigubætur frá 1. apríl 2008 nemur kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í greiðslum sérstakra húsaleigubóta 60% eða um 868,7 m.kr. á árinu 2016 að teknu tilliti til áætlunar sveitarfélaga um greiðslur sérstakra húsaleigubóta á árinu.

Tillaga ráðgjafarnefndar að greiðsluhlutfalli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna greiðslna sveitarfélaga á almennum og sérstökum húsaleigubótum tekur mið af lögum sem eru í gildi á árinu 2015 hvað greiðslurnar varðar en er sett fram með miklum fyrirvörum þar sem breytingar kunna að verða um áramótin á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga hvað greiðslur bótanna varðar.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA **Menntamiðja**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. október 2015, um framlag vegna þátttöku Sambandsins í starfsemi *Menntamiðju*.

Menntamiðja hefur verið starfandi frá 1. janúar 2013 á grundvelli viljayfirlýsingar samstarfsaðila sem gildi til 30. september 2015. Starf *Menntamiðju* fer fram á netinu þar sem skólafólk sinnir eigin starfsþróun með markvissri miðlun þekkingar og reynslu.

Fram til þessa hefur *Menntamiðja* verið fjármögnuð alfarið af Menntavísindasviði Háskóla Íslands með framlagi úr Afmælisjóði Háskóla Íslands en það framlag fellur niður um næstu áramót. Árlegur kostnaður samstarfsaðila *Menntamiðju* mun nema um 5 m.kr. á móti þeim framlögum sem fást með sjálfsaflafé.

Þar sem starfsemi hefur átt góðu gengi að fagna sl. 3 ár er vilji til þess að um áframhaldandi starfsemi og rekstur verkefnisins verði að ræða. Með tilvísun til þess er sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga næstu þrjú árin er nemi árlega 1,0 m.kr. að því gefnu að allir samstarfsaðilar geri slíkt hið sama.

Að umfjöllun lokinni samþykkti meirihluti ráðgjafarnefndarinnar að leggja til að á grundvelli 3. liðar 8. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, kæmi árlega næstu 3 árin til úthlutunar framlag að fjárhæð 1,0 m.kr. þar sem um væri að ræða verkefni sem nýtist sveitarfélögum á landsvísi og kemur til með að bæta skólastarf og rekstur grunnskóla.

Nefndin óskaði eftir að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga bærist afrit af nýrri viljayfirlýsingu/samningi sem verður gerð/gerður um áframhaldandi starfsemi *Menntamiðju* næstu þrjú árin ásamt skýrslum sem gerðar verða um framgang verkefnisins á tímabilinu.

TEKJUJÖFNUNARFRAMLÖG **Tillaga að áætlaðri úthlutun 2015**

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun tekjujöfnunarframlaga á árinu 2015. Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna á grundvelli hámarkstekjumöguleika sveitarfélaga. Eftirfarandi þættir eru lagðir þar til grundvallar:

- Fjöldi íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2015, sbr. upplýsingar frá Hagstofu Íslands
- Hámarksálagning útsvars er 14,52%, en við útreikning framlaganna kemur til frádráttar 0,77% hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvarsstofni vegna yfirfærslu grunnskólakostnaðar og 0,99% vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Viðmiðunarprósenta útsvars við útreikning tekjujöfnunarframlaga á árinu 2015 vegna álagningar 2014 er því 12,76%.
- Hámarksálagning fasteignaskatts á grundvelli fasteignamats, skv. a-lið 0,625%, skv. b- lið 1,320% og skv. c- lið 1,65%.
- Úthlutun framlags til sveitarfélaga vegna jöfnunar á tekjutapi í kjölfar breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts að fjárhæð 3.459,1 m.kr.
- Samkvæmt 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, eru tekjur sveitarfélaga af meiriháttar fasteignaskattsálagningu og framleiðslugjöldum teknar með í útreikningi á meðaltekjum viðkomandi sveitarfélaga en ekki í útreikningi á meðaltekjum í viðkomandi flokki. Jafnframt skal við útreikning meðaltals skv. b-, c- og d -lið sleppa alveg einstaka sveitarfélögum þar sem tekjur þeirra eða íbúafjöldi hafa veruleg áhrif á niðurstöðu innan viðkomandi flokks. Ef meðaltal á hvern íbúa í sveitarfélagi, miðað við fullnýtingu tekjustofna, er lægra en allt að 97,0% af meðaltali á hvern íbúa í öllum sveitarfélögum í viðkomandi flokki skal greiða sveitarfélagi tekjujöfnunarframlag sem nemur allt að mismuninum.
- Tekjujöfnunarframlög til sveitarfélaga með færri en 300 íbúa, taka mið af meðaltekjum sveitarfélaga með 300 -11.999 íbúa, enda búi a.m.k. 2/3 hlutar íbúa í þéttbýli.
- Með tilvísun til ákvæða sem fram koma í 2. mgr. 5. liðar hér að framan var við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með færri en 300 íbúa meðaltekjum Skorradalshrepps sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Við útreikning meðaltekna í flokki sveitarfélaga með fleiri en 12.000 íbúa var meðaltekjum Garðabæjar jafnframt sleppt þar sem tekjur sveitarfélagsins hafa veruleg áhrif á niðurstöður innan viðkomandi flokks sveitarfélaga. Þessar aðgerðir leiddu til lækkunar meðaltekna viðmiðunarhópanna.
- Einungis kemur til úthlutunar og greiðslu framlags hafi sveitarfélag fullnýtt heimild sína til álagningar útsvars.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að jafnað yrði að 95,22% að meðaltali á hvern íbúa og að áætluð tekjujöfnunarframlög nemi 1.247,1 m.kr. á árinu 2015.

Á grundvelli ákvæða í 12. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, koma $\frac{3}{4}$ hlutar framlagsins til greiðslu í október. Uppgjör framlaganna fer fram í desember á grundvelli leiðréttrar skrár um álagðar skatttekjur sveitarfélaga.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að áætlaðri úthlutun 2016

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2016, sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 6.625,0 m. kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði nú 6.050 m.k. samkvæmt A-hluta og 575,0 m.kr. samkvæmt B-hluta vegna skólaaksturs úr dreifbýli.

Samkvæmt B-hluta framlaganna koma 175 m.kr. til úthlutunar í lok árs á grundvelli umsókna, sbr. b-lið, 3. gr. vinnureglna, dags. 11. desember 2010, vegna íþyngjandi kostnaðar við akstur úr dreifbýli á árinu umfram tekjur.

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna. Eftirfarandi þættir eru lagðir þar til grundvallar:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2015.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2015.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2015.
- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2015.
- Upplýsingar um fjölda íbúa sveitarfélaga 1. desember 2012 og 2013, 1. janúar 2014 og 1. júlí 2015 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur á íbúa í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá 19. október 2015 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2015 vegna tekjuskurðingar. Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra eru talin vera sem hér segir:
 - a. Reykjavík
 - b. Sveitarfélög með 12.000 íbúa og fleiri, önnur en Reykjavíkurborg
 - c. Sveitarfélög með 300 - 11.999 íbúa
 - d. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa.

Með hliðsjón af því hve fá sveitarfélög uppfylla skilyrði til framlags vegna fækkunar íbúa, þegar miðað er við íbúatölur 1. júlí 2015, er lagt til að ráðstöfunarfjármagn sjóðsins til þeirra framlaga verði lækkað úr 155,4 m.kr. niður í 105,4 m.kr. Ráðstöfunarfjármagnið verður síðan hækkað í 155,4 m.kr. á ný við endurskoðaða áætlun framlaganna í febrúar. Áætlað er að þá muni fleiri sveitarfélög reiknast með þörf fyrir greiðslu framlags vegna íbúafækkunar. Hér er um varúðarráðstöfun að ræða til að draga úr hugsanlegri ofgreiðslu framlags til þeirra fáu sveitarfélaga sem nú reiknast út með þörf fyrir framlag vegna íbúafækkunar.

Að teknu tilliti til ráðstöfunarfjármagns sjóðsins og þess sem hér að framan greinir samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að til úthlutunar nú kæmi áætlað útgjaldajöfnunarframlag á árinu 2016 á grundvelli 13. gr. reglugerðar, nr. 960/2010, samtals að fjárhæð 6.625 m.kr.

Áætlunin verður tekin til endurskoðunar í febrúar 2016 á grundvelli íbúafjölda 1. janúar 2016 og endanlegs álagningarstofns útsvars fyrir árið 2014.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2016

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2016 vegna verkefna er tengjast yfirlýsingu grunnskólans, sbr. reglugerð nr. 351/2002.

Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,77% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna yfirlýsingu grunnskólans nema samtals 9.425,0 m.kr. Á grundvelli tillögu ráðgjafarnefndar er tekið mið af útsvarsstofninum 1.224 m.kr.

Áætluð gjöld sjóðsins nema sömu fjárhæð eða 9.425,0 m.kr. og sundurliðast þannig:

- Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda 2.048,6 m.kr.
- Framlög vegna nýbúafærðslu 260,2 m.kr.
- Skólabúðir að Reykjum 46,0 m.kr.
- Önnur framlög, sbr. 8. gr. reglugerðarinnar samtals að fjárhæð 44,1 m.kr.
- Bundið framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga 160,0 m.kr.
- Almenn framlög til reksturs grunnskóla 6.767,0 m.kr.
- Óráðstafað 99,1 m.kr.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu grunnskólans fyrir árið 2016 væri samþykkt.

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG TIL REKSTURS GRUNNSKÓLA

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2016

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til rekstur grunnskóla á árinu 2016, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 6.707,0 kr. á árinu 2016. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjörs framlaga fyrir árið 2014 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 6.767,0 m.kr. á árinu 2016.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2016:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2015.
- Upplýsingar um skólagæði.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2015.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2014 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2015.

Við umfjöllun um áætlunina var komið inn á hvort stærri sveitarfélögin væru að fá of mikið greitt af framlaginu þegar tekið væri tillit til stærðarhagvæmni þeirra. Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2016 samtals að fjárhæð 6.767,0 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2016

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2016, skv. 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérþarfa fatlaðra nemenda nema 2.043,2 m.kr. á árinu 2016. Þar af nemur framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings um rekstur sérdeilda og sérskóla 1.148,0 m.kr.

Fram kom á fundinum að Jöfnunarsjóði hefðu borist umsóknir vegna 839 fatlaðra nemenda vegna ársins 2016. Þar af féllu 566 nemendur undir vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins, 129 nemendur féllu ekki undir viðmið sjóðsins og umsóknir vegna 144 nemenda færu í bið.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á árinu 2016 samtals að fjárhæð 2.043,2 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA SÉRSTAKRAR ÍSLENSKUKENNSLU NÝBÚA

Tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga 2016

Farið var yfir aðferðafræði við útreikning framlaganna.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýbúa á árinu 2016, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna sérstakrar íslenskukennslu nýbúa nema 260,2 m.kr. á árinu 2016. Þar af nemur framlag til Reykjavíkurborgar á grundvelli samnings um starf verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu 13,7 m.kr.

Fram kom að Jöfnunarsjóði hefðu borist 1.712 umsóknir frá verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu vegna nýrra Íslendinga sem njóta sérstakrar íslenskukennslu skólaárið 2016-2017. Þar af er áætlað að 1.896 nemendur komi til með að falla undir viðmið sjóðsins. Forsendur fyrir greiðslum

sjóðsins eru að þá nemendur, sem njóta sérstakrar íslenskukennslu, sé að finna í Þjóðskrá og eigi lögheimili í því sveitarfélagi sem sækir um framlagið.

Nefndin samþykkti að taka til greina umsóknir vegna tveggja nemenda sem komnir eru af grunnskólaaldri en greinargerðir fylgja umsóknum vegna þeirra þar sem fram koma ástæður þess að skólagöngu þeirra hafi seinkað.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun framlaga vegna sérstakrar íslenskukennslu nýbúa á árinu 2016 samtals að fjárhæð 2.046,5 m.kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

TEKJUSTREYMI í nóvember 2015

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir áætlað tekjustreymi vegna málaflokksins á árinu 2015. Við áætlanagerð um tekjur Jöfnunarsjóðs af 0,99% hlutdeild sjóðsins í álagningarstofni útsvars vegna yfirfærslunnar á árinu 2015 var gengið út frá stofninum 1.135 ma.kr. og tekjum að fjárhæð 11.236 m.kr. Í október var áætlað að staðgreiðsluskilin, það sem af væri árinu, næmi um 9.287 m.kr. Fram kom að staðgreiðsluskilin í nóvember og desember þyrftu því samtals að nema um 1.949 m.kr. til að áætlunin gengi eftir.

DRÖG AÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN VERKEFNISINS 2016

Lögð voru fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð drög að greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins 2016.

Áætlaðar tekjur sjóðsins af 0,99% hlutdeild hans í álagningarstofni útsvars vegna verkefnisins nema samtals 12.118,0 m.kr. Á grundvelli tillögu ráðgjafarnefndar er tekið mið af útsvarsstofninum 1.224,0 ma.kr.

Að teknu tilliti til framlaga úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 500,0 m.kr. , áætlaðs framlags frá ríki að fjárhæð 150,0 m.kr. vegna NPA og óhafins framlags vegna NPA frá árinu 2015 að fjárhæð 20,0 m.kr. nema áætlaðar ráðstöfunartekjur verkefnisins 12.788,0 m.kr. á árinu 2016.

Áætluð gjöld sjóðsins vegna verkefnisins nema sömu fjárhæð eða 12.788,0 m.kr. og sundurliðast þannig:

- Ýmiss kostnaður er tengist yfirfærslunni 50,0 m.kr.
- Framlög vegna NPA 170,0 m.kr.
- Framlög vegna lengdrar viðveru 89,0 m.kr.
- Orlofs- og helgardvalir fatlaðra 66,0 m.kr.
- Framlög vegna breytingakostnaðar 17,0 m.kr.
- Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 440,0 m.kr.
- Almenn framlög vegna þjónustu við fatlað fólk 11.657,0 m.kr. Þar af sérstök viðbótarframlög að fjárhæð 200,0 m.kr.
- Óráðstafað 299,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks árið 2016 væri samþykkt.

REGLUGERÐ UM FRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2016

Á fundum nefndarinnar 23. september og 16. Október sl. voru til umfjöllunar þau atriði sem skoða þyrfti í tengslum við setningu nýrrar reglugerðar um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2016.

Á fundinum var haldið áfram þeirri umfjöllun og skoðuð sérstaklega áhrif 80/20 skiptingarinnar og 33% reglunnar á útreikning almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Tekið var til umfjöllunar mögulegt heimildarákvæði í tengslum við tæknilausnir á sviði málefna fatlaðs fólks. Frekari umræðu var frestað.

ÖNNUR MÁL

Fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga

Fundurinn verður haldinn 27. nóvember nk. Lögð voru fram til kynningar drög að dagskrá fundarins.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 17:30.

Elín Pálsdóttir